

S A M Þ Y K K T**um sýsluvegasjóð í Strandasýslu.****1. gr.**

Í Strandasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Skal úr þeim sjóði greiða kostnað við viðhald og lagningu sýsluvega, samkv. 2. gr. í samræmi við staðfesta sýsluvega-áætlun, sbr. þá 52. gr. vegalaga nr. 6/1977.

2. gr.

Um töku vega í tölu sýsluvega fer samkvæmt ákvæðum vegalaga hverju sinni.

Sýsluvegir eru:

Árneshreppur:

1. Skjaldbjarnarvíkurvegur af Strandavegi að Skjaldbjarnarvík, um Eyri, Ingólfsfjörð Seljanes og Ófeigsfjörð.
2. Krossnesvegur af Strandavegi að Felli um Krossnes.
3. Steinstúnsvegur af Strandavegi að Steinstúni.
4. Melavegur af Strandavegi að Melum.
5. Árnesvegur af Strandavegi að Árnesi.
6. Bæjarvegur af Strandavegi að Bæ.
7. Finnbogastaðvegur af Strandavegi að Finnbogastöðum.
8. Stóru-Ávíkurvegur af Strandavegi að Stóru-Ávík.
9. Litlu-Ávíkurvegur af Strandavegi að Litlu-Ávík.
10. Reykjanesvegur af Strandavegi að Reykjanesi.
11. Gjögurvegur af Strandavegi að Gjögri.
12. Flugvallarvegur af Gjögurvegi að flugvelli.
13. Reykjarfjarðarvegur af Strandavegi að Reykjarfirði.
14. Kúvíkurvegur af Strandavegi að Kúvíkum.
15. Kamsvegur af Strandavegi að Kambi í Veiðileysu.

Kaldrananeshreppur:

1. Asparvíkurvegur af Strandavegi að Asparvík.
2. Reykjavíkurvegur af Strandavegi að Reykjarvík.
3. Ásmundarnesvegur af Strandavegi að Ásmundarnesi.
4. Oddavegur af Strandavegi að Odda.
5. Hamarsbælisvegur af Drangsnesevi að Hamarsbæli.
6. Svanshólsvegur af Strandavegi að Svanshóli.
7. Goðdalsvegur af Sunnudalsvegi að Goðdal.
8. Sunnudalsvegur af Strandavegi að Sunnudal.
9. Bjarnarnesvegur af Drangsnesevi að Bjarnarnesi.
10. Bakkagerðisvegur af Drangsnesevi að Bakkagerði.
11. Bæjarvegur I af Drangsnesevi að Bæ I.
12. Kleifavegur af Drangsnesevi að Kleifum.
13. Helluvegur af Drangsnesevi að Hellu.
14. Sandnesvegur af Drangsnesevi að Sandnesi.
15. Bassastaðavegur af Strandavegi að Bassastöðum.
16. Klúkuskólavegur af Strandavegi að Klúkuskóla og sundlaug.
17. Kaldrananeskirkjuvegur af Drangsnesevi að Kaldrananeskirkju.
18. Drangsneseþorpsvegur af Drangsnesevi á Forvaða að Grundartanga.
19. Kokkálsvíkurhafnarvegur af Drangsnesevi að bátahöfn Kokkálsvík.

20. Kaldraneshafnarvegur af Kaldraneskirkjuvegi að bátahöfn í Hörgsey.
21. Skarðsréttarvegur af Sunnudalsvegi að Skarðsrétt.
22. Skarðsvegur af Strandavegi að Skarði.
23. Eyjavegur af Strandavegi að Eyjum.
24. Bólstaðarvegur af Strandavegi að Bólstað.
25. Framnesvegur af Drangsnesevegi að Framnesi.

Hrófbergshreppur:

1. Selárdalsvegur af Strandavegi að Gilsstöðum um Geirmundarstaði.
2. Grænanesvegur af Strandavegi að Grænanesi.
3. Hólavegur af Steingrímsfjarðarvegi að Hólum.
4. Kleppustaðavegur að Steingrímsfjarðarvegi að Kleppustöðum.
5. Fitjavegur af Strandavegi að Fitjum.
6. Staðarvegur af Strandavegi að Stað.
7. Ósvegur af Strandavegi að Ósi.
8. Stakkanesvegur af Strandavegi að Stakkanesi.

Hólmavíkurhreppur:

1. Þiðriksvallavegur af Hólmavíkurvegi að Þiðriksvöllum.
2. Kálfanesvegur af Strandavegi að Kálfanesi.
3. Víðidalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Víðidalsá um Hnitbjörg
4. Hrófárvegur af Hólmavíkurvegi að Hrófá.

Kirkjubólshreppur:

1. Arnkötludalsvegur af Tröllatunguheiðarvegi að Arnkötludal
2. Húsavíkurvegur af Hólmavíkurvegi að Húsavík.
3. Tröllatunguvegur af Tröllatunguh.vegi að Tröllatungu.
4. Grafarvegur af Hólmavíkurvegi að Miðdalsgröf um Heiðarbæ.
5. Miðdalsvegur af Hólmavíkurvegi að Tindi um Klúku.
6. Geststaðavegur af Miðdalsvegi að Geststöðum.
7. Heydalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Heydalsá.
8. Smáhamravegur af Hólmavíkurvegi að Smáhömrum.
9. Þorpavegur af Hólmavíkurvegi að Þorpum.
10. Hvalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Hvalsá.
11. Kollafjarðarnesvegur af Hólmavíkurvegi að Kollafjarðarnesi.
12. Kollafjarðarneskirkjuvegur af Kollafjarðarn.vegi að kirkju.
13. Sævangsvegur af Hólmavíkurvegi að Sævangi.
14. Naustavíkurvegur af Hólmavíkurvegi að Naustavík.
15. Tungugrafarvegur af Hólmavíkurvegi að Tungugröf.

Fellshreppur:

1. Litla-Fjarðarhornsvegur af Hólmavíkurvegi að Litla-Fjarðarhorni.
2. Ljúfustaðavegur af Hólmavíkurvegi að Ljúfustöðum.
3. Steinadalsvegur af Steinadalsheiðarvegi að Steinadal.
4. Þrúðardalsvegur af Steinadalsheiðarvegi að Þrúðardal.
5. Stóra-Fjarðarhornsvegur af Hólmavíkurvegi að Stóra-Fjarðarhorni.
6. Broddanesvegur I af Hólmavíkurvegi að Broddanesi I.
7. Broddadalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Broddadalsá.
8. Broddanesskólavegur af Hólmavíkurvegi að barnaskólanum.
9. Undralandsvegur af Hólmavíkurvegi að Undralandi.
10. Broddanesvegur II af Hólmavíkurvegi að Broddanesi II.

Óspakseyrarhreppur:

1. Skriðsennisvegur af Hólmavíkurvegi að Skriðsenni.
2. Bræðrabrekkuvegur af Hólmavíkurvegi að Bræðrabrekku.
3. Hvítuhlíðarvegur af Hólmavíkurvegi að Hvítuhlíð.
4. Krossárdalsvegur frá efribrú á Krossá að Einfætlinggili um Gröf og Árdal.
5. Krossárbakkavegur af Krossárdalsvegi að Krossárbakka.
6. Sandhólavegur af Þórustaðavegi að Sandhólum.
7. Snartartunguvegur af Hólmavíkurvegi að Snartartungu.
8. Þórustaðavegur af Hólmavíkurvegi að Þórustöðum.
9. Brunngilsvegur af Þórustaðavegi að Brunngili.
10. Þambárvallavegur af Hólmavíkurvegi að Þambárvöllum.
11. Óspakseyrarkirkjuvegur af Hólmavíkurvegi að kirkju um Óspakseyri og verslun Kaupfélags Bitrufjarðar.

Bæjarhreppur:

1. Heydalsvegur af Hólmavíkurvegi að Heydal.
2. Skálholtsvíkurvegur af Hólmavíkurvegi að Skálholtsvík.
3. Kolbeinsárvegur af Hólmavíkurvegi að Kolbeinsá.
4. Borgarvegur af Hólmavíkurvegi að Borgum.
5. Stóru-Hvalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Stóru-Hvalsá.
6. Kollsárvegur af Hólmavíkurvegi að Kollsá.
7. Hrafnadalsvegur af Hólmavíkurvegi að Hrafnadal.
8. Sviðuvegur af Bæjarvegi að Bakkaseli um Jónssel.
9. Bæjarvegur af Hólmavíkurvegi að Bæ.
10. Hlaðhamarsvegur af Hólmavíkurvegi að Hlaðhamri.
11. Laxárdalsvegur af Hólmavíkurvegi að Laxárdal.
12. Kjörseyrarvegur af Hólmavíkurvegi að Kjörseyri.
13. Fögrubrekkuvegur af Hólmavíkurvegi að Fögrubrekku.
14. Melavegur af Hólmavíkurvegi að Melum.
15. Grænumýrartunguvegur af Norðurlandsvegi að Grænumýrartungu.
16. Prestsbakkakirkjuvegur af Hólmavíkurvegi að kirkju á Prestsbakka.
17. Borðeyrarvegur af Hólmavíkurvegi að Hermannshúsi um verslun á Borðeyri.
18. Borðeyrarskólavegur af Hólmavíkurvegi að barnaskóla.
19. Litlu-Hvalsárvegur af Hólmavíkurvegi að Litlu-Hvalsá.
20. Borðeyrarbæjarvegur af Hólmavíkurvegi að Borðeyrarbæ.

3. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari sýsluvega.

4. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar að minnsta kosti andvirði sex dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á.

Hreppsfélag getur ákveðið að hækka gjald til sýsluvegasjóðs þannig að það nemi allt að andvirði átta dagvinnustunda fyrir hvern íbúa og skal sú ákvörðun tilkynnt sýslumanni fyrir 15. febrúar. Síðan ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. mars. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

5. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

6. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kauptúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarð-arhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 3.0 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, landa og lóða með lögákveðnu álagi, þó aldrei lægri upphæð en kr. 16 300. Lágmarksgjald þetta skal breytast í sömu hlutföllum og kaupgjald, sbr. 21. grein vegalaga.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

7. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar.

8. gr.

Í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skulu $\frac{3}{4}$ sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

9. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn.

Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkv. 17. gr. vegalaga. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

10. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

11. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum allt að 100 þúsund krónum nema þyngri hegningu liggi við að lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt 19. gr. vegalaga, nr. 6 25. mars 1977, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 111 15. maí 1965 um sama efni, og samþykkt nr. 63 9. mars 1972 um breytingu á henni.

Samgönguráðuneytið, 20. nóv. 1979.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Guðjónsson.